



Frá móttöku nýkandídata í Hlíðasmáranum, lengst til vinstri er Þorbjörn Jónsson formaður Læknafélags Íslands sem tók á móti hópnum.


Að læra að nota þekkingu sína

Móttaka nýútskrifaðra læknakandídata

Mynd og texti Anna Björnsson

Það var hátíðleg stund í sal Læknafélags Íslands við Hlíðasmára nú nýverið þegar nýútskrifaðir læknakandídatar voru formlega boðnir velkomnir í Læknafélag Íslands. Þorbjörn Jónsson formaður Læknafélags Íslands bauð kandiðatana velkomna, en auk hans ávörpuðu hópinn Guðmundur Þorgeirsson prófessor og forseti læknadeildar Háskóla Íslands, Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Félags kvenna í læknastétt og Sigurður Guðmundsson fyrrverandi landlæknir og forseti heilbrigðisviðs Háskóla Íslands. Um eða yfir helmingur hópsins sem útskrifast hafa undanfarin ár úr læknadeild Háskóla Íslands eru konur og Lilja minnti þær konur sem voru að útskrifast nú á að fyrsta konan sem útskrifaðist frá Háskóla Íslands lauk einmitt prófi í læknisfræði, Kristín Ólafsdóttir, árið 1917. Sigurður sagði í ræðu sinni að nú stæðu kandiðatarnir á hátindi þekkingar sinnar en það sem eftir væri ævinnar myndu þeir læra að nýta þessa þekkingu. Hann minnti þá á að gera það án þess að láta hana stíga sér til höfuðs.

Eftir að kandiðatarnir höfðu notið veitinga og hlýtt á árnaðaróskir og hvetjandi ávörp skrifuðu þeir undir heitorð lækna, Hippókratesareiðinn, í virðulega bók sem geymir nöfn kynslóða lækna.



Heitorð lækna – Hippókratesareiðurinn.



Helga Kristín Mogensen skrifar undir læknaeiðinn.